

Þorsteins saga hvíta

Þorsteins saga hvíta

1. kafli - Þorsteinn kom út ok keypti Hofsland.

Maðr hét Ölvir inn hvíti. Hann var Ásvaldsson Göngu-Hrólfssonar, Öxna-Þórissonar. Hann var lendr maðr í Nóregi ok bjó í Naumudal. Hann stökk fyrir ófriði Hákonar jarls á Yrjar ok dó þar. Hann átti einn son barna, er Þorsteinn hét ok var kallaðr Þorsteinn hvíti. Hann fór þegar eptir andlát föður síns út til Íslands með alla fjárhluti sína ok kom skipi sínu í Vápnafjörð, en þá var lokit landnámunum á öllu Íslandi.

Sá maðr bjó at Hofi í Vápnafirði, er hét Steinbjörn ok var kallaðr körtr, ok hafði honum þetta land gefit Eyvindr föðurbróðir hans, allt á milli Vápnafjarðarar ok Vestrdalsár. Steinbjörn var eyðslumaðr mikill í búinu.

En sem Þorsteinn vissi þat, at lönd váru öll numin áðr, fór hann á fund Steinbjarnar, ok kaupir hann at honum land ok reisir bú á Tóptavelli ok bjó þar nökk ura vetr, ok varð honum gott til fjár ok metnaðar. Hann hafði skamma stund í búu verit, áðr hann fór ok leitaði sér ráðs ok bað konu þeirar, en Ingibjörg hét ok var dóttir Hróðgeirs ins hvíta Hrafnssonar. Hennar fekk hann. Við þessari konu átti hann fimm börn. Sonr hans hét Önundr, annarr Þórðr, þriði Þorgils. Dætr hans hétu Þorbjörg ok Þóra. Þorgils var inn mannvænligsti maðr.

Þorsteinn græddi fé í ákafa. Steinbirni kört varð féfátt ok fór á fund Þorsteins ok beiddist fjárláns af honum. Þorsteinn er ok góðr af fjárláninu, ok þangat til tekr hann lán af Þorsteini, at harðla mjök eyðist fé Steinbirni, ok þykkir Þorsteini versna skulda-nautrinn ok þykkir óviss skuldastaðrinn at Steinbirni. Ok nú heimtir hann féit, ok lýkst með því þeira fjár reiður, at Steinbjörn geldr Þorsteini Hofsland, ok fór Þorsteinn byggðum til Hofslands ok kaupir sér goðorð ok gerist inn mesti sveitarhöfðingi. Hann var allra manna vinsælastr.

Ok er Þorsteinn hafði búit marga vetr á Hofi, þá gerðust þau tíðendi at herbergjum hans, at Ingibjörg tók sótt ok andaðist. Þorsteini þótti þetta skaði mikill, en helt þó búu sínu sem áðr.

2. kafli - Þorgils kvæntist ok tók við búu.

Maðr hét Þórir. Hann var sonr Atla, sem bjó í Atla vík fyrir austan vatn. Þar eru nú sauðhús. Þórir var kvángaðr. Kona hans hét Áslog ok var dóttir Brynjólfs ins gamla. Þau Þórir áttu tvau börn. Hét sonr þeira Einarr, en Ásvör dóttir. Einarr var vaskligr ok ekki stórr maðr, hávaðamaðr mikill ok í meðallagi vinsæll. Ásvör var kvenna vænst ok vinsælust.

Þat gerðist til tíðenda á hag Þorsteins hvíta, at hann tók augnaverkerk svá mikinn, at þar fyrir missti hann sjónina. Þykkist vanfærr til umsýslu, ræðr nú um við Þorgils, biðr hann taka við liðinu. Þorsteinn sagði þat skylt, at hann veitti slíkt fulltingi, er hann má. Faðir hans ræðr við hann, at hann fái sér kvánfang ok biði Ásvarar Þórisdóttur, ok þat varð, ok fór hon með honum til búins, ok tókust með þeim ástir góðar, ok áttu tvau börn. Sonr þeira hét Helgi, en dóttir Guðrún. Þorgils var þá vel tuttugu vetra.

3. kafli - Félag Þorsteins fagra ok Einars Þórissonar.

Hrani hét maðr ok var kallaðr gullhöttur. Hann var fóstri Þorgils, en frændi konu hans. Hann var hávaða maðr mikill ok var heimamaðr at Hofi ok var kallaðr grályndr.

Þorkell hét maður ok var kallaður flettir. Hann var heimamaður at Hofi ok frændi þeira Hofverja, mikill ok sterkr.

Þorbjörn hét maður. Hann bjó í Sveinungsvík. Þat er á millum Melrakkasléttu ok Þistilsfjarðar. Þorbjörn var drengr góður ok rammr at afli, vinr góður Þorsteins hvíta.

Maður er nefndr Þorfinnr. Hann bjó á Skeggjastöðum í Hnefilsdal. Hann átti ok enn annat bú. Þorgerður hét kona hans. Þau áttu þrjá sonu, ok hét Þorsteinn sonr þeira ok var kallaður fagri, annarr Einarr, þriðri Þorkell. Allir váru þeir mannvænligir. Þorsteinn var fyrir þeim bræðrum. Hann var fullkominn at aldri, er hér er komit sögunni.

Kraki hét maður ok bjó á bæ þeim, er heitir á Kraka læk. Kraki var vel auðigr maður, kvángaðr maður, ok hét kona hans Guðrún. Þau áttu dóttur eina barna, er Helga hét ok var allra kvenna friðust, ok þótti sá kostur beztr í Fljótsdalshéraði.

Þess er getit, at Þorsteinn fagri beiddist fjárláns tillaga af föður sínum ok kvaðst vilja af landi burt. Þorfinnr kvað svá vera skyldu. Leggr hann til slíkt, sem hann beiddist. Hefir hann verit í förum nökkur sumur. Verður honum gott til fjár ok metnaðar, ok hvert sinn, er hann var útan, lagði hann eptir nökk ut af fjárhlut þeim, er hann þóttist þurfa ok faðir hans. Ok eitt vár, er Þorsteinn var út hér um vetrinn, kemr Einarr Þórisson at máli við föður sinn ok beidd ist af honum tillag ok segist vilja fara til félags við Þorstein. Þorsteinn kvaðst eigi mundu synja Einari félags ok gefr honum skip hálf, telr þó, at honum segi í meðallagi hugr um félag þeira fyrir sakir óvin veitts skaplyndis Einars.

Þeir fóru útan ok lögðu félag saman. Þorsteinn heldr öllu til virðingar Einari ok virði hann í öllu mest, ok þó lagðist svá á, at Þorsteinn var meira virður en Einarr af öðrum mönnum fyrir þess sakir, at hann reyndist góður drengr ok vinveittr í skaplyndi. Fór vel um stund félag þeira.

4. kafli - Einarr sagði Þorsteins dauðan.

Þat er sagt, einn vetr, at þeir váru útan hér fóst bræðr, at Þorfinnr kemr at máli við Þorstein, hvern hann ætlaði sinn ráðahag at sumri. Þorsteinn kvaðst útan ætla. Þorfinnr kvaðst biðja vilja hann, at hann tæki við búi með honum. Þorsteinn svaraði ok sagðist engan hug hafa á því, en kvað hann slíkt hafa af hans gózi, sem hann vildi. Þorsteinn hafði mikit fé í förum.

Þorfinnr lézt hugsat hafa ráð fyrir honum ok lézt vilja biðja honum til handa Helgu Krakadóttur. Þorsteinn kvað sér þat ofráð, er hon stóð ein til alls arfs eptir Kraka. Þorfinnr kvað vera jafnræði, bæði fyrir ættar sakir ok mannanar. Fara þeir nú ok vekja þetta mál við Kraka. Hann kallar sér þetta vel at skapi. Var þetta mál upp borit fyrir Helgu, ok fundust eigi afsvör í hennar máli. Váru þeir vátтар at heitorði Þorsteins. Þorsteinn vildi fara útan fyrst, en ráð skyldi takast, er hann kæmi aþtr.

Fara þeir Þorsteinn ok Einarr, ok tekr Þorsteinn skyrbjúg í hafi, at því er þeir kalla, ok varð hann eigi liðfárr. Menn hlógu at honum, ok var Einarr upphafsmaður at því. Ok er þeir kómu til Nóregs, leigðu þeir þar skemmu eina, en gáfu engan gaum at Þorsteini. Hann lá þar allan vetr. Einarr spottar hann mjök ok lét kveða um hann.

Ok um várit hittir Einarr Þorstein ok biður hann fjárskiptis, lézt vilja hafa einn skipit, kvað sér þykkja Þorsteinn ólíkligr til útanferðar. Þorsteinn kvað eigi fjarri því farit hafa, sem hann gat um skaplyndi Einars. Þeir skipta um várit fjárhlut svá, at Einarr kaus, en Þorsteinn skipti ór rúmi sínu.

Einarr hlaut skipit ok helt til Íslands um sumarit. Ok er hann kom at, var hann spurðr tíðenda. En hann kvaðst eigi tíðendi kunna at segja greiðliga, kvað Þorsteinn eigi dauðan hafa verit sérliga, en þó hefði hann eigi ólíkligr verit, at hann myndi eigi aptr koma. Einarr reið til föður síns ok svivirði mjök Þorstein í allri frásögn.

Um haustit kom skip af hafi í Reyðarfjörð. Einarr reið til skips ok keypti af Austmanni, at hann segði andlát Þorsteins, ok svá gerði hann ok allir skipmenn. Einarr kom heim ok sagði andlát Þorsteins ok kvað hann hefði fengit herfiligan dauða þann vetr.

5. kafli - Einarr fekk Helgu Krakadóttur.

Einarr bað föður sinn, at hann skyldi biðja Helgu Krakadóttur. Þórir kvað svá vera skyldu. Nú fara þeir heiman ok koma til Kraka ok vekja bónorðit við hann fyrir hönd Einars. Kraki kvaðst áðr vilja prófa til viss andlát Þorsteins, en lézt þá mundu gefa Einari konuna, ef þat væri áðr til viss vitat. Þórir kvað þat eigi sannligt, at Einarr væri vánbiðill konu þeirar, er skjótt var heitin Þorsteini. Eigi lét Kraki gangast svör þessa máls.

Fara þeir feðgar heim við svá búit, ok litlu síðar ríðr Einarr norðr til Hofs ok segir Þorgils bónorðit ok kveðr sér hafa verit neitat.

Hrani var hjá ok svaraði svá: Illa kom þér, Ein arr, í hald góðir frændr, ef þú skalt eigi fá konu í þessa, kvað honum ok lítil stoða at vera í vináttu við Þorgils, ef hann skyldi einskis meta þessa sneypu, er Einari var ger.

Þorgils svarar: Mér virðist Kraki vitrliga með fara, ok munda ek svá gera, ef ek ætta hans hlut.

Satt eitt sagði Einarr frá orðum Kraka, en þó eggj aði Hrani Þorgils at fara með honum. Þorgils kvað eigi létt hugr um segja, þó at þessu ráði yrði komit í hendr honum. Síðan fóru þeir ok hittu Kraka, ok hafði hann in sömu svör fyrir sér sem fyrr.

Þorgils mælti þá: Vera má, at þú ráðir dóttur þinni, en eigi muntu svá undan setja, at þú fáir eigi sakargiptir um annat.

Kraki mælti: Eigi mun ek til þess hætta.

Hann fastnaði þá dóttur sína Einari ok hafði sjálfr brúðkaup inni. Kraki skyldi vera ór öllum vanda um kaupbrigði við Þorstein.

6. kafli - Þorsteinn fagri vá Einar Þórisson.

Þat er nú frá Þorsteini at segja, at honum batnaði, ok bjó hann skip sitt til Íslands ok kom at næsta sum ar eptir brúðkaupit í Reyðarfjörð ok hafði selt Aust mönnum skipit. Hann ætlaði til ráðahagsins við Helgu ok láta af förum.

Ok er hann kom til Íslands, frétti hann alla þessa ráðabreytni. Fór hann þá til fundar við föður sinn ok let þó haldast skipsöluna eigi at síðr. Þorsteinn lét lítt á sér finna um þetta mál. Hann keypti sér skip um vetrinn, er uppi stóð í Bolungarhöfn, ok bjó at öllu. Bræðr hans ætluðu með honum útan ok urðu eigi búnir svá skjótt sem hann, því at þeir fóru at fjárheimtingum sínum um heraðit. Austmenn vesuðust illa, er þeir þurftu at bíða, bræðra Þorsteins, ef byrr kæmi á.

Þorsteinn mælti þá: Ek mun ríða frá skipi váru ok hitta þá ok biðja þá, at þeir flýti sér, en þér skuluð bíða mín it skemmsta sjau nætr.

Þorsteinn reið útan eptir Öxarfirði ok í Bolungar höfn ok upp á Möðrudalsheiði ok ofan til Vápnafjarðar ok svá austr yfir Smjörvatnsheiði ok austr yfir Jök ulsá at brú ok svá yfir Fljótsdalsheiði ok austr yfir Lagarfljót ok upp með fljótinu unz hann kom í Atla vik snemma morgins. Þórir var farinn í skóg ok hús karlar hans með honum ofan á Bolungarvöllu. Einarr var heima ok var eigi upp risinn, er Þorsteinn kom at durunum. Kona var úti, er Ósk hét. Hon spurði, hverr inn komni maðr væri.

Þorsteinn svarar: Sigurðr heiti ek, ok á ek at gjalda Einari skuld, ok vil ek nú afhenda honum, ok gakk þú inn ok vek Einar ok bið hann út ganga.

Þorsteinn hafði spjót í hendi ok ullhött á höfði. Konan vakti Einar. Hann spurði, hverr kominn væri. Hon sagði, at hann nefndist Sigurðr. Einarr stóð þá upp ok kippti skóm á fætr sér ok tók skikkju yfir sik ok gekk út síðan. Ok er hann kom at, kenndi hann Einarr, at þar var kominn Þorsteinn, ok varð Einarr nökkut fár við.

Þorsteinn mælti: Því em ek hér kominn, at ek vil vita, hverju þú villt bæta mér, er þú gabbaðir skyr bjúg minn í hafi ok hlótt at mér með hásetum þínum, ok mun ek vera alllítillþægr at.

Einarr mælti: Heimtu fyrst at öllum, er hlógu at þér, ok mun ek bæta þér, ef allir bæta aðrir.

Þorsteinn segir: Ek em ekki svá féþurfi, at ek nenna alla at skja, en ek vil þú bætir fyrir þik.

Einarr kveðst eigi bæta mundu, ok sneri hann und an ok til svefnskemmunnar. Þorsteinn bað hann bíða ok hrapa eigi svá skjótt til rekkjunnar Helgu. Einarr gaf engan gaum at því, er hann mælti. Síðan lagði Þor steinn á Einari með spjótinu ok í gegnum hann. Einarr fell dauðr inn í skemmuna. Þorsteinn bað griðkonuna at greiða ferð Einars.

Þorsteinn ríðr þá ina sömu leið aptr ok hann reið fram. Hann reið vestr yfir háls til sels Þorbjarnar, er stóð á milli Melrakkaslétu ok Ormsár. Hann spurði Þorbjörn, ef bræðr hans hefði þar komit, en Þorbjörn kvað þat eigi vera. Þorsteinn sagði honum tíðendin ok bað hann segja bræðrum sínum, at þeir flýtti sér til skips. Reið Þorsteinn þá til skips.

Griðkona gerði honum þóri orð ok lét segja honum víg Einars, sonar síns, ok brá Þórir skjótt við ok fór norðr til Vápnafjarðar með tvá húskarla sína ok fór á skipi yfir fljót ok til Hofs. Sagði hann þeim Hofsmönnum víg Einars. Þorgils kvað sér eigi vel hafa hugr um sagt, þegar er Einarr fekk Helgu. Þeir báðu hann eptir ríða. Hann lét þá taka hesta sína. Hrani frýði honum áðr hugar, ef hann seinkaði ferðinni. Þórir hvarf aptr ok gerði þat at ráði Þorgils, en hús karlar hans fóru með Þorgils, ok váru þeir sjau saman ok fóru síðan leið sína.

7. kafli - Veginn Þorgils ok bræðr Þorsteins fagra.

Bræðr Þorsteins ríða til sels Þorbjarnar annan daginn eptir, er Þorsteinn hafði þaðan riðit. Þar höfðu þeir dagverð, en lögðust síðan niðr til svefn. Þorbjörn latti þá þess mjök, því at hann sagði þeim víg Einars ok orðsending Þorsteins, en Þorbjörn var vinr hvárratveggja.

Litlu síðar kom Þorgils ok þeir sjau saman. Þorbjörn sagði þeim bræðrum, at þeir Þorgils váru þar komnir, ok vakti hann þá. Hvergi máttu þeir undan komast.

Þorbjörn réð þeim þat, at þeir grafi þar djúpa gröf í selinu fyrir durunum, en ek mun standa í dur unum. Ok svá gerðu þeir.

Þeir Þorgils koma þá at selinu. Þóttust þeir vita, at þeir bræðr myndi þar inni, er hrossin váru þar mdd ok nýkomin undan klyfjum.

Veit ek, segir Þorgils, at þeir eru hér.

Þorbjörn svarar: Þú ert maðr glöggvastr, en þó eru þeir brðr eigi hér, sem þú segir, en ek lét fara eptir viðum hross mín, ok höfum nýtekit af þeim klyfjar. Eru þau nýkomin frá vetrhúsum, en áðr gengu þau af rekaströndum til skálagerðar í Svein ungsvík, ok á ek hrossin.

Þorgils kvaðst eigi þessu trúa mundu, ok far þú ór durunum, ok viljum vér rannsaka selit.

Þorbjörn kvaðst þat eigi gera mundu, síðan þér trúið eigi minni tilsögu.

Hrani mælti: Drepum hann, ef hann vill eigi fara or durunum.

Þorgils svarar: Þá þykkir föður mínum illa.

Þá bauð Þorkell flettir at fara á bak húsinu ok hlaupa af vegginum ofan milli Þorbjarnar ok duranna ok bera hann svá frá durunum ofan fyrir brekkuna. Þorgils bað hann svá gera. Síðan breytti Þorkell svá, at Þorbjörn varð með þessari atferð borinn frá sels-durunum. Síðan bundu þeir hann.

Eptir þat gengu þeir at durunum, ok mátust þeir um, hverr þeira skyldi fyrstr inn ganga.

En er Þorgils fann þetta, mælti hann: Eigi verðr oss nú hugmannliga er vér þorum eigi inn at ganga.

Þorgils hleypr þá inn. Þorbjörn aftalði hann ok sagðist letja hann inn at ganga, en hann gaf engan gaum at orðum hans. Hann hafði skjöldinn yfir höfði sér. Hann snarar þá inn ok hljóp í gröfina, ok drápu þeir brðr hann þar í gröfinni. Síðan rufu förunautar Þorgils selit ok sóttu þá brðr um stundar sakir. Hrani gullhöttir lá á selvegginum ok koglaði þann veg inn. Þá var hann lagðr spjótí í höndina. Þeir brðr vörðust bæði vel ok drengiliga, ok fellu báðir þar at síðustu með góðan orðstír. Þar fellu ok báðir húskarlar Þóris ok inn þriðji maðr, Þorgils Þorsteins son, er þá var þrítugr at aldri.

Þorbjörn var leystur síðan eptir fundinn. Hann frði alla vöru þeira í Bolungarhöfn til skips ok sagði Þor steini tíðendin. Þorsteinn kvað Þorbjörn þetta vel gert hafa, ok skiljast með mikilli vináttu.

8. kafli - Þorsteinn fagri sættist við Þorstein hvíta.

Þorsteinn fór útan um sumarit ok var á burt fimm vetr. Hann kom sér vel við höfðingja ok þótti inn röskvasti maðr.

Hrani gullhöttir kom heim til Hofs ok sagði Þor steini hvíta, at synir Þorfinns tveir væri fallnir ok húskarlar Þóris tveir.

Þorsteinn spurði hann: Hvar er Þorgils, sonr minn?

Hrani svarar: Hann er ok fallinn líka.

Þorsteinn mælti: Fjándliga segir þú frá tíðendum. Illt hefir jafnan af þér hlotizt ok þínum ráðum.

Þetta þótti mönnum mikil tíðendi, þá er spurðust. Um sumarit eptir váru mál til búin á hendr Þorsteini Þorfinnssyni, ok varð hann sekr um víg Einars. Brodd-Helgi var þá þrúvetr, er faðir hans var drep inn, ok var þá þegar efniligr maðr at jöfnum aldri.

Þorsteinn Þorfinnsson fór til Íslands at fimm vetr um liðnum ok kom skipi sínu í Miðfjörð. Hann reið þegar norðr til Hofs við fimmta mann. Brodd-Helgi var þá átta vetra gamall ok lék sér á hlaði úti ok bauð þeim öllum þar at vera. Þorsteinn spurði, hví hann laðaði gesti. Hann kvaðst þar allt eiga með afa sínum. Þeir Þorsteinn Þorfinnsson gengu inn eptir þat.

Þorsteinn hvíti kenndi farmannadaun ok spurði, hverir komnir væri. Þorsteinn Þorfinnsson segir it sanna.

Þorsteinn hvíti mælti: Hvárt þótti þér of lítil mín skapraun, ef þú sóttir mik eigi heim, blindan karl ok gamlan?

Þorsteinn Þorfinnsson svarar: Eigi gekk mér þat til, heldr hitt, at ek vil bjóða þér sjálfðmi fyrir Þor gils, son þinn, ok hefi ek rit góz til þess at bta hann, svá at engi hafi annarr maðr dýrri verit.

Þorsteinn hvíti kvaðst eigi vilja bera Þorgils, son sinn, í sjóði. Þorsteinn Þorfinnsson ok var kallaðr inn fagri. Hann sprettr þá upp ok leggr höfuð sitt í kné Þorsteini hvíta, nafna sínum.

Þorsteinn hvíti svarar þá: Eigi vil ek láta höfuð sitt af hálsi slá. Munu þar eyru smst, er óxu. En þá geri ek sætt okkar á millum, at þú skalt fara hingat til Hofs til umsýslu með allt þitt, ok vera hér, meðan ek vil, en þú sel skip þitt.

Þessari sætt játar Þorsteinn fagri, ok er þeir kump ánar kómu út, lék sveinninn Helgi Þorgilsson sér at gullreknu spjóti, er Þorsteinn fagri hafði sett hjá durunum, er hann gekk inn.

Þorsteinn fagri mælti við Helga: Villtu þiggja af mér spjótít?

Helgi réðst þá um við Þorstein hvíta, fóstura sinn, hvárt hann skyldi þiggja spjótít at Þorsteini fagra. Þorsteinn hvíti svarar ok bað hann þiggja víst ok launa sem bezt.

Þorsteinn fagri var eina nátt á Hofi í þat sinni. Þorsteinn fagri fór til skips síns ok seldi þat. Síðan frði hann sik til Hofs í Vápnafjörð með allt sitt. Hann frði mjök fram kvikfé Þorsteins hvíta, nafna síns.

En er hann hafði þar verit nökkura stund, þá vildi Þorsteinn hvíti, at Þorsteinn, nafni hans, bæði Helgu Krakadóttur, ok svá gerði hann. Þorsteinn hvíti var í ferð með honum, ok gengu þau mál vel fram, ok þótti Kraka þetta gert eptir sínu skaplyndi. Fór Helga þá til Hofs með Þorsteini fagra, því at Þorsteinn hvíti vildi brúðkaup inni hafa, því at hann þóttist hrumr til at fara at skja brúðkaupit annars staðar, ok af því var svá gert. Boðit fór vel fram. Váru samferðir þeira góðar.

Átta vetr var Þorsteinn fagri at Hofi með nafna sínum ok var honum í sonar stað í allri umsýslu.

Ok þá er svá var komit tímum, mælti Þorsteinn hvíti til nafna síns: Vel hefir þú gefizt mér, ok ertu röskr maðr ok drengr góðr um alla hluti ok vel at þér búinn. Nú vil ek, at þú bregðir þessu ráði ok svá föð ur þíns ok Kraka, mágs þíns, ok ráðizt allir til útanferðar með allt þat, er þér eigið, því at ek ætla Helga, frænda mínum ok fóstura, gerast mjök þungt til þín, en hann er nú átján vetra gamall, en þat er líkast, at ek verða maðr ekki langlífr heðan af, en ek vilda, at vit skilðim vel, en Helgi, frændi minn, mun verða ofsamaðr mikill ok engi jafnaðarmaðr. Nú haf þú mitt ráð um þetta ok ver hér eigi lengr en ek legg ráð til.

Þorsteinn fagri kvað svá vera skyldu. Þorsteinn fagri keypti tvau skip ok fór útan með allt sitt skulda lið. Þorfinnr, faðir hans, fór ok útan ok Kraki, mágr hans. Þeir kómu norðarliga við Nóreg ok fóru um sumarit eptir norðr á Hálogaland ok ílendust þar með öllu liði sínu. Bjó Þorsteinn fagri þar, meðan hann lifði, ok þótti inn vaskasti maðr.

9. kafli - Frá Brodd-Helga.

Helgi óx upp með Þorsteini hvíta, fóstura sínum. Hann gerðist mikill maðr ok sterkr, bráðgerr, vænn ok stórmannligr ok ekki málugr í barnæsku, ódæll ok óvæginn þegar á unga aldri. Hann var hugkvæmr ok margbreytinn.

Þat var einn dag at Hofi, naut váru at stöðli. Þar var griðungr kominn til nautanna, mikill ok stórr. Annarr griðungr var heima fyrir, mikill ok ógurligr, er þeir frændr áttu. Helgi var þá úti staddr ok sá, at griðungarnir gengust at ok stönguðust, ok varð heima-griðungrinn vanhluta fyrir búigriðunginum.

En er Helgi sér þat, gengr hann inn ok skir sér mann brodda stóra ok bindr þá framan í ennit á heimagrið unginum. Síðan taka þeir til ok stangast sem áðr, allt þar til er heimagriðungrinn stangar hinn til dauðs. Höfðu mannbroddarnir gengit á hol.

Þótti flestum mönnum þetta vera bellibragð, er Helgi hafði gert. Fekk hann af þessu viðrnefni ok var kallaðr Brodd-Helgi, en þat þótti þá mönnum miklu heillavænliga at hafa tvau nöfn. Var þat þá átrúnaðr manna, at þeir menn myndi lengr lifa, sem tvau nöfn hefði. Skjótt var þat auðsét á Helga, at hann myndi verða höfðingi mikill ok engi jafnaðarmaðr.

Einn vetr lifði Þorsteinn hvíti, síðan þeir Þorsteinn fagri skilðu, ok þótti hann verit hafa it mesta mikil menni.

Geitir í Krossavík átti Hallkötlu, dóttur Þiðranda ins gamla Ketilssonar þryms, sonar Geitis ok Hall kötlu. Með þeim Geiti ok Brodd-Helga var vinátta mikil í fyrstu, en minnkað, svá sem á leið, ok varð ór fullr fjánskapr, sem segir í Vapnfirðinga sögu.